

## Utanríkisverslun með vörur 2008

### Samantekt

Árið 2008 voru fluttar út vörur fyrir 466,9 milljarða króna fob en inn fyrir 473,5 milljarða króna fob, 514,7 milljarða króna cif. Halli var því á vöruskiptum við útlönd, reiknað á fob verðmæti, sem nam 6,7 milljörðum króna fob en 92,1 milljarða króna halli var árið 2007. Verðmæti útflutnings jókst um 53,0% frá fyrra ári á verðlagi hvors árs og innflutningur jókst um 19,9%. Sjávarafurðir voru 36,7% alls útflutnings, í fyrsta sinn með minni hlutdeild en iðnaðarvörur. Verðmæti þeirra jókst um 34,3% frá fyrra ári á gengi hvors árs, iðnaðarvörur voru 52,1% alls útflutnings og jókst verðmæti þeirra um 106,5% á gengi hvors árs. Stærstu vöruflokkar innflutnings voru hrá- og rekstrarvörur með 32,6% hlutdeild, fjárfestingarvörur með 21,2% hlutdeild og neysluvörur aðrar en mat- og drykkjarvara með 13,9% hlutdeild. Í krónum talið varð mest aukning í innflutningi hrá- og rekstrarvara. Mest var flutt inn frá og út til Evrópska efnahagssvæðisins, EES, 80,6% útflutnings fór þangað og 64,8% innflutnings kom þaðan. Stærstu viðskiptalönd voru Holland í útflutningi, 34,4% af heild, og Noregur í innflutningi, 11,2% af heild.

### Vöruskiptajöfnuður

Útflutningur 466,9 milljarðar  
fob og innflutningur  
514,7 milljarðar cif

Í töflu 1 er sýnd þróun utanríkisverslunar áratuginn 1999–2008. Innflutningur er hér sýndur á cif-verði en útflutningur á fob-verði, eins og hefð er fyrir í birtingu talna um utanríkisverslun. Á árinu 2008 nam verðmæti vöruútflutningsins í heild 466,9 milljörðum króna fob á móti 514,7 milljarða heildarvöruinnflutningi cif, og varð útflutningur umfram innflutning á árinu 2008 neikvæður um 47,9 milljarða. Halli hefur verið á utanríkisversluninni allan þennan áratug, um 1,6% af útflutningsverðmæti árið 2002, upp í 78,0% árið 2006. Hallinn á vöruskiptunum var 10,3% árið 2008, 40,8% árið 2007 og 61,5% árið 2005.

Tafla 1. Utanríkisverslun árin 1999–2008

	Í millj. kr. á verðlagi hvors árs			Útflutt umfram innflutt í % af útflutningi
	Útflutt fob	Innflutt cif	Útflutt umfram innflutt (fob-cif)	
1999	144.928	182.322	-37.394	-25,8
2000	149.273	203.222	-53.949	-36,1
2001	196.582	220.874	-24.292	-12,4
2002	204.303	207.608	-3.305	-1,6
2003	182.580	216.525	-33.945	-18,6
2004	202.373	260.431	-58.058	-28,7
2005	194.355	313.855	-119.500	-61,5
2006	242.740	432.106	-189.366	-78,0
2007	305.096	429.469	-124.373	-40,8
2008	466.860	514.739	-47.879	-10,3



### Vöruskiptajöfnuður óhagstæður


Vöruskiptajöfnuður er reiknaður út frá fob-verði bæði innflutnings og útflutnings. Innflutningur fob nam 473,5 milljörðum króna og var vöruskiptajöfnuðurinn 2008 því óhagstæður um 6,7 milljarða. Í töflu 2 kemur fram að vöruskiptajöfnuður fob við útlönd á verðlagi hvers árs hefur verið hagstæður einu sinni á síðustu tíu árum, árið 2002, 1,6% af vergri landsframleiðslu. Hallinn var mestur árið 2006, 13,6% af vergri landsframleiðslu. Árið 2008 var halli 0,5% af vergri landsframleiðslu. Á mynd 1 má sjá vöruskiptajöfnuð sem hlutfall af útflutningi og vergri landsframleiðslu og á mynd 2 má sjá þróun útflutnings fob, innflutnings fob og vöruskiptajafnaðar fob.


**Tafla 2. Vöruskiptajöfnuður árin 1999–2008**

Í millj. kr.	Á verðlagi hvers árs		Á föstu verðlagi ársins 2008 <sup>1</sup>		Vöruskiptajöfnuður		
	Útflutt fob	Innflutt fob	Útflutt fob	Innflutt fob	Á verðlagi hvers árs	Á föstu verðlagi ársins 2008 <sup>1</sup>	Hlutfall af VLF, %
	1999	144.928	167.778	235.987	214.192	-22.850	21.795
2000	149.273	187.276	246.271	232.653	-38.003	13.618	-5,56
2001	196.582	203.083	302.425	280.198	-6.501	22.228	-0,84
2002	204.303	191.205	294.838	273.059	13.098	21.779	1,60
2003	182.580	199.512	266.590	265.596	-16.932	995	-2,01
2004	202.373	240.160	270.541	276.148	-37.787	-5.607	-4,07
2005	194.355	288.895	260.118	265.337	-94.540	-5.219	-9,21
2006	242.740	401.201	329.688	315.132	-158.461	14.557	-13,56
2007	305.096	397.241	338.795	327.402	-92.145	11.393	-7,08
2008	466.860	473.525	466.860	473.525	-6.665	-6.665	-0,45


<sup>1</sup> Miðað við breytingar á magnvísitölum útflutnings og innflutnings sem eru reiknaðar út frá verðvísitölum samkvæmt einingarverðum úr tollskránumerum.

**Mynd 1. Vöruskiptajöfnuður (fob-cif) sem hlutfall af útflutningi og vöruskiptajöfnuður (fob-fob) sem hlutfall af vergri landsframleiðslu**



**Mynd 2. Utanríkisverslun 1985–2008**

Mynd 3 sýnir hlutfall útflutnings og innflutnings vöru af vergri landsframleiðslu yfir 48 ára tímabil. Þar sést að hlutfeld útflutnings og innflutnings hefur lengst af verið um og yfir fjórðungur af landsframleiðslu. Þó jókst hlutfeld innflutnings árin 2004–2006, minnkaði aftur árið 2007 en jókst aftur 2008 auk þess sem hlutfeld útflutnings var komin niður fyrir fimmtung árið 2005 en hefur hækkað árin 2006–2008. Því hærri hlutfeld sem utanríkisverslun hefur af landsframleiðslu, því opnara er hagkerfið talið. Þar sem hlutfeld vöruviðskipta hefur lengst af verið í kringum fjórðung af landsframleiðslu bendir það til þess að þegar litið er á vöruviðskiptin eingöngu hafi hagkerfið ekki verið að opnast þó að breytingar hafi orðið síðustu ár. Þjónustuviðskiptin við útlönd hafa hins vegar stórukist. Sveiflur í gengi geta einnig skekkt þennan samanburð einstök ár.


**Mynd 3. Út- og innflutningur sem hlutfall af vergri landsframleiðslu 1960–2008**

## Verð- og magnbreytingar 2007–2008

*Gengisbreytingar höfðu mikil áhrif á utanríkisverslun á árinu 2008*


Miklar breytingar á verðmæti íslensku krónunnar á árinu 2008 höfðu mikil áhrif á tölur um innflutning og útflutning. Mynd 4 sýnir mánaðarlegar breytingar á vöruviðskiptavog sem mælir breytingar á meðalverði erlends gjaldeyris og er notuð til umreiknings talna um utanríkisverslun. Gengisvísitalan í desember 2008 var rúmlega 73% hærra en í janúar 2008 auk þess sem meðalverð erlends gjaldeyris milli árána 2007 og 2008 hækkaði um 41,6%. Þessar gengisbreytingar gera samanburð á utanríkisverslunartölum innan ársins og milli ára vandasaman.

**Mynd 4. Mánaðarlegar breytingar vöruviðskiptavogar á árinu 2008**



Mynd 5 sýnir mánaðarlegar tölur innflutnings og útflutning uppreiknaðar á gengi desembermánaðar 2008. Gengisbreytingarnar hafa mikil áhrif á samanburð talna um innflutning og útflutning sem taka ber tillit til þegar niðurstöður á gengi hvors árs eru skoðaðar.

**Mynd 5. Mánaðarlegar tölur inn- og útflutnings miðað við gengi í hverjum mánuði og gengi í desember 2008**



*Umreikningur fjárhæða í íslenskar krónur miðað við daglegt miðgengi*

Sú breyting átti sér stað frá og með 1. febrúar 2008 að umreikningur vöru í erlend-um gjaldeyri til íslenskra króna breyttist. Áður var mánaðarlegt sölugengi notað við verðmætisútreikning innflutnings og mánaðarlegt kaupgengi við verðmætisútreikning útflutnings en frá og með 1. febrúar 2008 er miðað við daglegt miðgengi viðkomandi gjaldmiðla fyrir innflutning og útflutning eins og það er skráð af Seðlabanka Íslands síðasta virka dag á undan tollafgreiðsludegi. Við frágang talna um utanríkisverslun fyrir árið 2008 voru því tölur fyrir janúar reiknaðar upp miðað við daglegt miðgengi til að fá sambærilegar tölur fyrir allt árið.

*Útflutningur jókst en innflutningur dróst saman á föstu gengi*

Verðmæti vöruútflutnings jókst um 8,1% frá árinu 2007 til 2008 og verðmæti innflutnings fob dróst saman um 15,8% þegar tekið hefur verið tillit til 41,6% hækkunar á meðalverði erlends gjaldeyris á milli árána 2007 og 2008. Verðmæti sjávarafurða dróst saman um 5,2%, reiknað á sama gengi bæði árin, og verðmæti iðnaðarvara jókst um 45,9%. Samdráttur varð í flestum liðum innflutnings nema hrá- og rekstrarvöru og eldsneytis auk þess sem innflutningur mat- og drykkjarvara stóð því sem næst í stað. Mestur varð samdráttur í innflutningi á flutningatækjum en einnig varð umtalsverður samdráttur í innflutningi á fjárfestingavöru og neysluvöru annarri en mat- og drykkjarvöru.

**Tafla 3. Verðmæti út- og innflutnings á gengi hvors árs og breytingar á föstu gengi 2007 og 2008**

	2007	2008	Breytingar frá fyrra ári á föstu gengi, <sup>1</sup> %
<b>Útflutningur alls fob</b>	<b>305.095,8</b>	<b>466.859,5</b>	<b>8,1</b>
Sjávarafurðir	127.618,6	171.348,7	-5,2
Landbúnaðarvörur	3.496,3	6.426,6	29,8
Iðnaðarvörur	117.743,8	243.147,2	45,9
Aðrar vörur	56.237,1	45.937,0	-42,3
<b>Innflutningur alls fob</b>	<b>397.241,1</b>	<b>473.524,7</b>	<b>-15,8</b>
Matvörur og drykkjarvörur	26.237,0	37.383,4	0,6
Hrávörur og rekstrarvörur ót.a.s.	101.707,0	148.577,5	3,2
Eldsneyti og smuroliur	35.138,9	58.254,6	17,1
Fjárfestingarvörur (þó ekki flutningatæki)	89.567,4	102.477,8	-19,2
Flutningatæki	84.827,5	60.395,9	-49,7
Neysluvörur ót.a.s.	59.432,7	66.071,9	-21,5
Vörur ót.a.s. (t.d. endursendar vörur)	330,8	363,6	-22,4
<b>Vöruskiptajöfnuður</b>	<b>-92.145,3</b>	<b>6.665,2</b>	<b>•</b>

<sup>1</sup> Miðað er við meðalgengi á vöruviðskiptavog. Á þann mælikvarða er meðalverð erlends gjaldeyris 41,6% hærra mánuðina janúar–desember 2008 en sömu mánuði fyrra árs.

*Útflutningsverð og innflutningsverð hækkuðu, viðskiptakjör við útlönd versnuðu*

Hér að framan eru tölur fyrra árs umreiknaðar til meðalgengis líðandi árs til þess að eyða áhrifum gengisbreytinga á verðmætistölu. Aðgreining verðmætisbreytinga milli verð- og magnbreytinga fæst hins vegar ekki nema með útreikningi verðvísitalna. Ein leið er að reikna verðvísitölur samkvæmt einingaverðum úr tollskrárnúmerum eins og gert er í töflu 4. Samkvæmt þeim útreikningum hækkaði útflutningsverð í krónum um 36,6% og innflutningsverð hækkaði um 45,5% árið 2008 miðað við árið á undan. Viðskiptakjörin við útlönd versnuðu því um 6,1% frá árinu 2007 til ársins 2008.

Í krónum talið varð verðmæti „almenns“ vöruútflutnings 70,4% hærra árið 2008 en árið áður og útflutningsverð hækkaði á sama tíma um 36,6%. Að raungildi jókst því vöruútflutningur um 24,8% frá 2007 til 2008. Verðmæti „almenns“ innflutnings fób jókst um 24,7% í krónum frá fyrra ári, innflutningsverð hækkaði um 45,5% og því dróst vöruinnflutningurinn saman að raungildi um 14,2%.


**Tafla 4. Verð- og magnvísitölur út- og innflutnings og vísitala viðskiptakjara 1999–2008**

Vísitala 2000 = 100	Almennur útflutningur <sup>1</sup>		Almennur innflutningur <sup>2</sup>		Viðskiptakjör
	Verðvísitala	Magnvísitala	Verðvísitala	Magnvísitala	
1999	97,5	97,7	93,2	96,5	104,6
2000	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
2001	122,9	107,4	120,0	89,2	102,5
2002	120,1	115,3	115,8	87,5	103,7
2003	108,3	115,1	111,4	99,0	97,2
2004	109,9	125,7	115,6	113,0	95,1
2005	105,5	119,9	111,3	140,1	94,7
2006	132,7	116,8	131,1	154,4	101,2
2007	136,0	128,7	134,7	153,7	101,0
2008	185,8	160,6	196,0	131,8	94,8

<sup>1</sup> Allur útflutningur að frátöldum „öðrum vörum“ (í vöruflokkun Hagstofu Íslands).

<sup>2</sup> Allur innflutningur að frátöldum skipum, flugvélum og vörum ót.a.s. (líður 7 í hagrænni flokkun innflutnings).

**Mynd 6. Magnvísitölur útflutnings, innflutnings og vergrar landsframleiðslu 1990–2008**



### Útflutningur og innflutningur eftir helstu vöruflokkum


Útflutningur jókst á árinu 2008

Heildarútflutningur 2008 á gengi hvors árs jókst um 53,0% eða um 161,8 milljarða króna eins og sjá má í töflu 5. Til samanburðar jókst heildarútflutningur 2008 á föstu gengi um 8,1% eða 34,9 milljarða. Iðnaðarvörur voru 52,1% alls útflutnings og er þetta fyrsta árið, frá því að skráning á árlegum útflutningi hófst með reglu- bundnum hætti árið 1862, sem iðnaðarvörur eru meiri en helmingur alls útflutnings og hlutdeild þeirra hærri en sjávarafurða. Á mynd 7 sést hvernig hlutfall sjávar- afurða í vöruútflutningi hefur síðustu ár lækkað smám saman, á meðan hlutfall iðnaðarvara í útflutningi hefur hækkað. Verðmæti iðnaðarvara rúmlega tvöfaldaðist

frá árinu á undan eða um 125,4 milljarða. Á föstu gengi varð aukningin 45,9% eða 76,4 milljarðar. Í útflutningi iðnaðarvara munar mestu um ál en útflutningur þess varð 182,0 milljarðar eða 39,0% af heildarútflutningi, jókst um 126,8% eða 101,8 milljarða á gengi hvers árs en 60,2% eða 68,4 milljarða á föstu gengi. Álútflutningur var jafnframt sá liður iðnaðarvara sem jókst mest í krónum talið frá fyrra ári. Útflutningur á kísiljárni, 11,5 milljarðar, og á lyfjavörum, 9,7 milljarðar, komu næst áli í útflutningi iðnaðarvara. Sjávarafurðir voru 36,7% alls útflutnings og hefur hlutfall sjávarafurða af heildarútflutningi ekki verið lægra síðan 1865. Fluttar voru út sjávarafurðir fyrir 171,3 milljarða, jukust um 34,3% frá fyrra ári, eða um 43,7 milljarða á gengi hvors árs. Á föstu gengi dróst útflutningur sjávarafurða hins vegar saman um 5,2% eða 9,3 milljarða. Á árinu 2008 vó útflutningur á botnfiski mest í útflutningi sjávarafurða, 22,7% af heildarútflutningi en var 27,7% af heildarútflutningi á árinu 2007. Útflutningur á þorski var 12,7% alls útflutnings eða 59,5 milljarðar en þær tegundir sem komu næst voru ýsa með 19,8 milljarða króna útflutning, síld með 18,8 milljarða króna útflutning og loðna og karfi með 11,7 milljarða króna útflutning hvort. Á gengi hvors árs jókst útflutningur sjávarafurða aðallega vegna aukins verðmætis útflutnings á þorski, síld, karfa og ýsu en hins vegar dróst útflutningur sjávarafurða saman á föstu gengi.


Í útflutningi á öðrum vörum átti útflutningur á flugvélum stærsta hlutdeild en hann nam 28,8 milljörðum á árinu 2008, dróst saman um 15,8 milljarða á gengi hvors árs frá árinu á undan (34,4 milljarða á föstu gengi). Árið 2008 voru fluttir út bílar fyrir 6,1 milljarð.

#### Mynd 7. Útflutningur eftir vöruflokkum (Hagstofuflokkun) árin 1840–2008




*Fjöldi tollafgreiddra innflutningsskýrslna dróst saman á fjórða ársfjórðungi*

Efnahagskreppan á síðasta ársfjórðungi ársins 2008 hafði mikil áhrif á innflutningstölur. Mynd 8 sýnir mánaðarlegan fjölda tollafgreiðsla á árinu 2008 og þar má sjá að á meðan engin áhrif eru á fjölda afgreiðslna í útflutningi dragast tollafgreiðslur fyrir innflutning umtalsvert saman. Meðaltalsafgreiðslur fyrstu 3 ársfjórðungana fyrir innflutning voru rúmar 111 þúsund, en þær féllu niður í rúmar 84 þúsund í október 2008, rúmar 66 þúsund í nóvember 2008 og í rúmar 62 þúsund í desember 2008.

**Mynd 8. Fjöldi tollafgreiðslna á árinu 2008**

*Innflutningur jókst á gengi hvors árs en dróst saman á föstu gengi á árinu 2008*

Heildarinnflutningur á gengi hvors árs jókst um 19,9% eða um 85,3 milljarða eins og sjá má í töflu 6. Á föstu gengi dróst heildarinnflutningur hinsvegar saman um 15,8% eða um 93,3 milljarða. Stærstu liðir innflutningsins voru hrá- og rekstrarvörur, 32,6% af heildarinnflutningi, eða 168,0 milljarðar, hlutdeild þeirra jókst úr 26,7% árið 2007. Hlutfall fjárfestingarvara var 21,2% eða 109,1 milljarður og hlutfall neysluvara annarra en mat- og drykkjarvara, 13,9% eða 71,5 milljarðar. Flutningatæki, sem voru árið 2007 með þriðju stærstu hlutdeildina, var með 12,3% hlutdeild árið 2008. Á gengi hvors árs varð mest aukning í innflutningi á hrá- og rekstrarvöru og eldsneyti og smurolíu en einnig varð aukning í innflutningi á mat- og drykkjarvöru, fjárfestingavöru og neysluvöru annari en mat- og drykkjarvöru. Á móti kom samdráttur í innflutningi flutningatækja. Á föstu gengi var hins vegar aukning í innflutningi á hrá- og rekstrarvöru og eldsneyti og smurolíu en samdráttur í öllum öðrum liðum nema mat- og drykkjarvöru, mest í innflutningi flutningatækja.

**Mynd 9. Innflutningur eftir hagrænni flokkun árið 2008, hlutfall**




## Útanríkisverslun eftir markaðssvæðum og löndum

80,6% af útflutningi til EES og  
64,8% af innflutningi frá EES


Evrópska efnahagssvæðið<sup>1</sup> var stærsta markaðssvæði Íslendinga árið 2008 en þangað fór 80,6% af útflutningi árið 2008. Hlutdeild EES ríkja hefur aukist frá árinu 2004 en þá var hún 78,3% eins og sést í töflu 7. Hins vegar komu 64,8% af innflutningi frá EES árið 2008, samanborið við 70,6% á árinu 2004 eins og sést í töflu 8. Á sama tímabili hefur útflutningur til Bandaríkjanna og innflutningur þaðan dregist saman. Útflutningur til Japan hefur aukist en hlutfall innflutnings þaðan er svipað 2008 og 2004.

Íslendingar fluttu út mest til Hollands en innflutningur var mestur frá Noregi. Sundurlíðun á viðskiptum einstakra landa má sjá á vef Hagstofunnar, [www.hagstofa.is/utanrikisverslun](http://www.hagstofa.is/utanrikisverslun).

### Mynd 10. Útflutningur eftir markaðssvæðum árin 2004–2008



### Mynd 11. Innflutningur eftir markaðssvæðum árin 2004–2008



<sup>1</sup> EES-ríkin eru 29 ESB-ríki ásamt EFTA-ríkjum að Sviss undanskildu. Öll löndin eru meðalín á tímabilinu.

*Holland helsta útflutningsland  
Íslendinga*

Hluttur fimm helstu útflutningslandanna var 67% af heildarútflutningi Íslendinga 2008 samanborið við tæp 61% árið 2007 og 64% árið 2006 (töflur 7 og 9). Holland var helsta útflutningsland Íslendinga árið 2008, eins og árin tvö á undan. Verðmæti útflutnings til Hollands nam þá 160,5 milljörðum króna, 34,4% af heildarútflutningi og jókst um 147,3% frá árinu 2008 á gengi hvors árs eða 74,7% á föstu gengi. Hlutfall sjávarafurða í útflutningi til Hollands var tiltölulega lágt, eða 6,7%. Iðnaðarvörur vógu þyngst í útflutningi til Hollands, en 83,4% af útflutningi þangað var álútflutningur. Aukningu útflutnings til Hollands, 95,6 milljarða á gengi hvors árs og 68,6 milljarða á föstu gengi má aðallega rekja til aukins útflutnings á áli.

Í utanríkisverslun er almenna reglan sú að útflutningsland er endanlegt neysluland vöru. Ef endanlegt neysluland vöru er ekki þekkt þegar útflutningurinn á sér stað er verður útflutningslandið viðskiptalandið. Varðandi álútflutning til Hollands er vitað að verulegur hluti hans er fluttur áfram til annarra ríkja og í því tilviki er Holland viðskiptalandið en ekki endanlegt neysluland vörunnar. Hafa skal hliðsjón af þessari staðreynd þegar tölur um útflutning til Hollands eru skoðaðar.

Íslendingar seldu næst mest til Bretlands á árinu 2008 sem var í þriðja sæti árið á undan. Þangað var flutt út fyrir 54,2 milljarða króna, 11,6% af heildarútflutningi. Útflutningur til Bretlands jókst um 34,4% frá fyrra ári á gengi hvors árs en dróst saman um 5,1% á föstu gengi. Hlutfall sjávarafurða í útflutningi til Bretlands var 78,8%, mestmegnis þorskur og ýsa.

Þýskaland var þriðja í röðinni, en var í öðru sæti árið á undan. Sala þangað nam 52,8 milljörðum eða 11,3% af heildarútflutningi, jókst um 29,3% frá fyrra ári á gengi hvors árs en dróst saman um 8,7% á föstu gengi. Iðnaðarvörur, aðallega ál, vógu þyngst í útflutningi til Þýskalands eða 80,1%.



*Noregur helsta innflutningsland  
Íslendinga*

Innflutningur frá fimm helstu innflutningslöndunum nam alls 46% af heildarinnflutningi árið 2008 samanborið við 49% árið 2007 og 45% árið 2006 (töflur 8 og 10). Árið 2008 var mestur innflutningur til Íslands frá Noregi, sem var í 9. sæti árið á undan. Árið 2008 voru fluttar inn vörur frá Noregi fyrir 57,6 milljarða króna, 11,2% af heildarinnflutningi og jókst innflutningur þaðan að verðmæti um 192,9% frá fyrra ári á gengi hvors árs, 106,9% á föstu gengi. Innflutningur á eldsneyti vó þyngst í innflutningi frá Noregi og er einnig aðalástæða aukins innflutnings frá Noregi.

Árið 2008 var næst mest flutt inn frá Þýskalandi eins og árið á undan og nam verðmæti innflutnings þaðan 52,8 milljörðum króna, 10,3% af heildarinnflutningi og jókst innflutningur frá Þýskalandi um 2,4% frá árinu 2007 á gengi hvors árs en dróst saman um 27,7% á föstu gengi. Stærsti hluti þessa innflutnings voru vélar og samgöngutæki.

Svíþjóð var í þriðja sæti innflutningslanda árið 2008, eins og árið á undan, með innflutning að verðmæti 46,3 milljarða króna, 9,0% af heildarinnflutningi. Innflutningur frá Svíþjóð jókst að verðmæti um 8,0% frá fyrra ári á gengi hvors árs en dróst saman um 23,7% á föstu gengi. Mest var flutt inn af eldsneyti frá Svíþjóð.

Myndir 12 og 13 sýna útflutning og innflutning eftir helstu viðskiptalöndum árið 2008 og vöruskiptajöfnuð við helstu viðskiptalönd árið 2008. Þar sést að umtalsverður afgangur var á viðskiptum við Holland en halli á viðskiptum við Danmörk, Noreg og Svíþjóð.

**Mynd 12. Út- og innflutningur eftir helstu viðskiptalöndum árið 2008****Mynd 13. Vöruskiptajöfnuður við helstu viðskiptalönd árið 2008**

Greining utaríkisverslunar eftir vöruflokkum og markaðssvæðum (tölur 11 og 12) sýnir að EES ríki áttu mesta hlutdeild í útflutningnum 2008, 80,6%. Sjávarafurðir voru 36,7% alls útflutningsins og af þeim voru 79,0% flutt út til EES ríkja. Þessi lönd keyptu 90,9% af þeim iðnaðarvörum sem Íslendingar fluttu út. Í innflutningnum vógu hrávörur og rekstrarvörur þýngst (32,6%) og af þeim voru 54,5% flutt inn frá EES ríkjum. Um 95,3% eldsneytis og um 75,9% fjárfestingarvara kom frá EES ríkjum.

Á vef Hagstofunnar ([www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is)) er hægt að nálgast allar upplýsingar um innflutning og útflutning, til dæmis eftir mánuðum, gjaldmiðlum, vöruflokkum SITC, hagrænni flokkun BEC, útflutning eftir vöruflokkum Hagstofu og vinnslugreinum. Einnig eru upplýsingar um utaríkisverslunina eftir löndum, markaðssvæðum og löndum og flokkunum.

Tafla 5. Útflutningur eftir vörflokkum árin 2007–2008

Fob-verð á gengi hvors árs	2007			2008			Breyting frá	
	Tonn	Millj. kr.	%	Tonn	Millj. kr.	%	fyrri ári, %	
<b>Samtals</b>	<b>1.667.389,0</b>	<b>305.095,8</b>	<b>100,0</b>	<b>2.059.668,8</b>	<b>466.859,5</b>	<b>100,0</b>	<b>53,0</b>	
<b>1 Sjávarafurðir</b>	<b>619.534,0</b>	<b>127.618,6</b>	<b>41,8</b>	<b>696.897,3</b>	<b>171.348,7</b>	<b>36,7</b>	<b>34,3</b>	
11 Uppsjávarfiskur	284.202,6	21.838,7	7,2	328.801,7	34.764,2	7,4	59,2	
110 Síld	140.320,6	9.226,3	3,0	183.617,6	18.762,0	4,0	103,4	
111 Loðna	103.853,2	9.877,6	3,2	77.228,1	11.694,2	2,5	18,4	
112 Kolmunní	38.552,5	2.708,6	0,9	45.846,6	3.369,8	0,7	24,4	
113 Makrill	54,2	4,2	0,0	3.583,1	606,0	0,1	•	
119 Annar uppsjávarfiskur	1.422,1	22,0	0,0	18.526,4	332,2	0,1	•	
12 Botnfiskur, helstu tegundir	237.088,5	84.710,7	27,8	234.543,6	105.860,0	22,7	25,0	
120 Þorskur	100.715,9	49.620,6	16,3	88.258,8	59.516,3	12,7	19,9	
121 Ýsa	47.509,5	16.552,1	5,4	53.092,1	19.846,9	4,3	19,9	
122 Ufsi	29.795,8	6.045,8	2,0	29.923,0	8.865,7	1,9	46,6	
123 Karfi	43.917,7	8.189,3	2,7	47.382,0	11.747,0	2,5	43,4	
124 Steinbítur	7.510,3	1.906,2	0,6	6.695,8	2.347,7	0,5	23,2	
125 Langa	3.567,0	1.065,6	0,3	4.427,6	1.528,2	0,3	43,4	
126 Blálanga	33,8	10,8	0,0	214,8	56,0	0,0	417,6	
127 Keila	1.809,7	514,0	0,2	2.032,4	830,6	0,2	61,6	
128 Skötuselur	2.124,5	785,5	0,3	2.442,8	1.095,2	0,2	39,4	
129 Skata	104,2	20,8	0,0	74,4	26,5	0,0	27,5	
13 Botnfiskur, annar	18.784,5	3.782,0	1,2	17.129,6	5.060,6	1,1	33,8	
130 Gulllax	2.699,5	238,3	0,1	3.452,5	479,7	0,1	101,3	
131 Háfur og annar háfiskur	58,0	8,6	0,0	46,1	9,0	0,0	4,4	
132 Lýsingur	2,6	0,3	0,0	–	–	–	–	
133 Túnfiskur	2,9	1,4	0,0	–	–	–	–	
138 Grásleppa	529,5	235,9	0,1	667,3	561,6	0,1	138,0	
139 Annar botnfiskur	15.492,1	3.297,4	1,1	12.963,7	4.010,3	0,9	21,6	
14 Flatfiskur	16.890,2	5.550,3	1,8	18.177,1	7.980,2	1,7	43,8	
140 Grálúða	8.288,4	2.485,0	0,8	8.675,7	3.921,9	0,8	57,8	
141 Lúða	533,5	236,6	0,1	667,7	407,7	0,1	72,3	
142 Skarkoli	3.037,9	909,9	0,3	4.240,4	1.310,5	0,3	44,0	
143 Sólfúra	519,6	171,1	0,1	963,5	330,0	0,1	92,9	
149 Annar flatfiskur	4.510,8	1.747,7	0,6	3.629,7	2.010,1	0,4	15,0	
16 Krabbadýr, skeldýr og lindýr	17.672,0	7.947,5	2,6	20.102,9	11.561,6	2,5	45,5	
160 Rækja	15.579,6	6.390,7	2,1	17.587,7	9.161,8	2,0	43,4	
161 Humar	1.149,6	1.342,4	0,4	1.323,9	2.004,1	0,4	49,3	
162 Hörpudiskur	0,2	0,1	0,0	0,0	0,0	0,0	-66,5	
163 Kræklingur	0,8	0,4	0,0	1,5	0,4	0,0	-8,8	
164 Smokkfiskur	25,7	2,3	0,0	26,7	2,3	0,0	-1,0	
165 Ígulker	2,7	5,4	0,0	4,1	1,8	0,0	-66,7	
166 Kúfiskur	459,5	80,6	0,0	558,4	148,1	0,0	83,6	
167 Beitukóngur	208,3	31,0	0,0	186,5	41,4	0,0	33,4	
168 Sæeyra	0,6	1,5	0,0	0,1	0,1	0,0	-93,8	
169 Krabbadýr, skeldýr og lindýr ót.a.s.	245,0	93,0	0,0	413,9	201,6	0,0	116,7	
19 Aðrar sjávarafurðir	44.896,2	3.789,4	1,2	78.142,4	6.122,1	1,3	61,6	
<b>2 Landbúnaðarvörur</b>	<b>12.527,2</b>	<b>3.496,3</b>	<b>1,1</b>	<b>16.109,5</b>	<b>6.426,6</b>	<b>1,4</b>	<b>83,8</b>	
21 Fiskeldi	2.186,8	1.125,2	0,4	2.117,6	1.836,0	0,4	63,2	
22 Búfê	455,0	483,3	0,2	692,5	1.064,2	0,2	120,2	
23 Afurðir sláturdýra	3.334,1	1.193,1	0,4	4.602,7	2.367,4	0,5	98,4	
24 Mjólk og mjólkurvörur	1.079,5	263,6	0,1	1.828,2	494,0	0,1	87,4	
25 Aðrar land- og sjávarnyttjar	4.724,9	373,1	0,1	5.906,4	605,5	0,1	62,3	
29 Aðrar landbúnaðarvörur	746,9	58,1	0,0	962,1	59,4	0,0	2,4	

Tafla 5. Útflutningur eftir vöruflokkum árin 2007–2008 (frh.)

Fob-verð á gengi hvors árs	2007			2008			Breyting frá	
	Tonn	Millj. kr.	%	Tonn	Millj. kr.	%	fyrri ári, %	
<b>3 Iðnaðarvörur</b>	<b>715.400,9</b>	<b>117.743,8</b>	<b>38,6</b>	<b>1.031.401,0</b>	<b>243.147,2</b>	<b>52,1</b>	<b>106,5</b>	
31 Matur og drykkjarvara	15.265,2	1.839,5	0,6	19.254,0	2.795,3	0,6	52,0	
310 Fiskmeti	2.804,4	1.165,7	0,4	2.464,0	1.650,8	0,4	41,6	
317 Sælgæti	112,3	59,1	0,0	140,6	98,0	0,0	65,9	
318 Drykkjarvörur	11.995,0	470,1	0,2	16.414,9	837,4	0,2	78,1	
319 Önnur matvara	353,5	144,7	0,0	234,5	209,1	0,0	44,5	
33 Fóðurvörur	1.201,6	128,8	0,0	3.481,9	421,0	0,1	226,8	
34 Heilbrigðis- og hreinlætisvörur	775,5	9.778,0	3,2	1.074,2	15.588,4	3,3	59,4	
340 Lyfjavörur	552,6	5.882,3	1,9	766,6	9.680,1	2,1	64,6	
341 Tæki og vörur til lækninga	185,4	3.808,6	1,2	226,3	5.792,0	1,2	52,1	
344 Hreinlætis- og snyrtivörur	37,5	87,1	0,0	81,3	116,2	0,0	33,5	
35 Skinna- og textílvörur	489,2	375,6	0,1	1.003,3	523,9	0,1	39,5	
36 Unnin jarðefni	671.185,1	92.307,1	30,3	972.039,6	201.110,2	43,1	117,9	
360 Ál	446.297,2	80.266,5	26,3	760.764,1	182.035,9	39,0	126,8	
361 Kísiljárn	124.989,2	7.939,8	2,6	105.910,9	11.460,6	2,5	44,3	
362 Kísilgúr	–	–	–	0,0	0,0	0,0	–	
363 Salt	5.934,2	165,3	0,1	3.718,4	433,4	0,1	162,2	
364 Steinull	2.968,2	171,6	0,1	2.931,3	246,6	0,1	43,7	
365 Þang og þaramjöl	–	–	–	59,4	15,6	0,0	–	
366 Jarðolíur og olíuvörur	89.102,6	3.740,1	1,2	96.588,0	6.881,8	1,5	84,0	
367 Krýolit	1.286,7	16,5	0,0	2.067,2	36,3	0,0	120,1	
369 Íblöndunarefni fyrir sement	607,0	7,2	0,0	0,2	0,0	0,0	-99,9	
37 Vörur til fiskveiða	2.730,8	2.727,0	0,9	2.032,3	3.248,5	0,7	19,1	
370 Rafeindavogir	166,1	1.019,7	0,3	104,6	1.241,8	0,3	21,8	
371 Fiskinet, -línur, kaðlar o.þ.h.	593,6	572,8	0,2	556,9	555,0	0,1	-3,1	
373 Fiskkassar	1.051,0	399,2	0,1	840,7	454,2	0,1	13,8	
379 Vörur til fiskveiða ót.a.s.	920,1	735,2	0,2	530,2	997,4	0,2	35,7	
38 Ýmsar iðnaðarvörur	2.468,1	2.724,7	0,9	3.377,9	4.267,5	0,9	56,6	
381 Umbúðir	1.607,2	256,8	0,1	1.751,0	345,3	0,1	34,5	
382 Álpönnur	0,1	0,2	0,0	12,5	10,2	0,0	•	
383 Vélar til matvælaframleiðslu	860,8	2.467,7	0,8	1.614,4	3.912,1	0,8	58,5	
39 Aðrar iðnaðarvörur	21.285,5	7.863,3	2,6	29.137,8	15.192,5	3,3	93,2	
<b>4 Aðrar vörur</b>	<b>319.926,9</b>	<b>56.237,1</b>	<b>18,4</b>	<b>315.261,1</b>	<b>45.936,9</b>	<b>9,8</b>	<b>-18,3</b>	
41 Jarðefni	125.061,9	382,6	0,1	90.929,5	529,4	0,1	38,4	
42 Endurheimtar vörur	170.675,1	2.687,1	0,9	200.577,4	5.399,7	1,2	100,9	
43 Flutningsför	18.073,6	49.689,3	16,3	19.122,0	36.080,8	7,7	-27,4	
430 Notuð skip	12.848,3	3.162,5	1,0	7.883,9	1.229,0	0,3	-61,1	
432 Flugvélar	1.876,7	44.578,7	14,6	1.513,6	28.757,9	6,2	-35,5	
433 Bílar, notaðir eða endurseldir	3.348,6	1.948,2	0,6	9.724,5	6.093,9	1,3	212,8	
49 Aðrar vörur	6.116,3	3.478,0	1,1	4.632,1	3.927,0	0,8	12,9	

**Tafla 6. Innflutningur eftir hagrænni flokkun árin 2007–2008**

Cif-verð á gengi hvors árs	2007			2008			Breyting frá fyrra ári, %
	Tonn	Millj. kr.	%	Tonn	Millj. kr.	%	
<b>Samtals</b>	<b>4.004.521,3</b>	<b>429.468,9</b>	<b>100,0</b>	<b>4.582.703,1</b>	<b>514.739,3</b>	<b>100,0</b>	<b>19,9</b>
<b>1 Matvörur og drykkjarvörur</b>	<b>231.316,7</b>	<b>29.325,6</b>	<b>6,8</b>	<b>232.749,9</b>	<b>41.270,6</b>	<b>8,0</b>	<b>40,7</b>
111 Óunnar, einkum til iðnaðar	51.131,2	1.310,9	0,3	49.966,2	1.991,1	0,4	51,9
112 Óunnar, einkum til heimilisnota	77.610,6	9.299,7	2,2	76.549,8	11.391,6	2,2	22,5
121 Unnar, einkum til iðnaðar	21.003,2	1.685,2	0,4	25.149,0	3.894,3	0,8	131,1
122 Unnar, einkum til heimilisnota	81.571,7	17.029,8	4,0	81.084,9	23.993,5	4,7	40,9
<b>2 Hrávörur og rekstrarvörur, ót.a.s.</b>	<b>2.303.364,8</b>	<b>113.730,3</b>	<b>26,5</b>	<b>2.887.395,9</b>	<b>167.991,7</b>	<b>32,6</b>	<b>47,7</b>
210 Óunnar	655.981,1	5.527,6	1,3	609.031,6	7.322,9	1,4	32,5
220 Unnar	1.647.383,8	108.202,7	25,2	2.278.364,2	160.668,8	31,2	48,5
<b>3 Eldsneyti og smurolfúr</b>	<b>1.007.133,7</b>	<b>37.185,7</b>	<b>8,7</b>	<b>886.656,1</b>	<b>61.108,5</b>	<b>11,9</b>	<b>64,3</b>
310 Óunnið eldsneyti	140.395,7	1.414,4	0,3	99.266,0	1.785,8	0,3	26,3
321 Bensín, þ.m.t. flugvélabensín	157.444,3	7.256,6	1,7	152.381,2	11.544,5	2,2	59,1
322 Annað unnið eldsneyti og smurolfúr	709.293,6	28.514,7	6,6	635.008,9	47.778,2	9,3	67,6
<b>4 Fjárfestingarvörur (þó ekki flutningatæki)</b>	<b>321.183,1</b>	<b>95.874,9</b>	<b>22,3</b>	<b>474.642,2</b>	<b>109.139,2</b>	<b>21,2</b>	<b>13,8</b>
410 Fjárfestingarvörur	67.045,7	64.341,7	15,0	32.824,9	56.025,9	10,9	-12,9
420 Hlutar til þeirra	254.137,4	31.533,2	7,3	441.817,3	53.113,2	10,3	68,4
<b>5 Flutningatæki</b>	<b>70.279,8</b>	<b>88.484,6</b>	<b>20,6</b>	<b>43.787,1</b>	<b>63.316,5</b>	<b>12,3</b>	<b>-28,4</b>
510 Fólksbílar (þó ekki almenningsvagnar)	29.725,2	29.235,8	6,8	17.042,7	21.165,8	4,1	-27,6
521 Flutningatæki til atvinnureksturs (ekki skip, flugvélar)	19.099,8	13.503,6	3,1	11.543,4	9.836,2	1,9	-27,2
522 Önnur flutningatæki, til einkanota	3.005,1	3.384,6	0,8	1.949,3	2.528,0	0,5	-25,3
530 Hlutar til flutningatækja	10.196,6	10.931,2	2,5	7.711,5	12.928,8	2,5	18,3
540 Skip	6.195,3	3.588,3	0,8	3.190,4	1.918,8	0,4	-46,5
550 Flugvélar	2.057,9	27.841,1	6,5	2.349,9	14.938,8	2,9	-46,3
<b>6 Neysluvörur ót.a.s.</b>	<b>70.884,7</b>	<b>64.522,7</b>	<b>15,0</b>	<b>57.091,6</b>	<b>71.528,6</b>	<b>13,9</b>	<b>10,9</b>
610 Varanlegar (t.d. heimilistæki)	27.045,4	18.031,3	4,2	20.296,0	16.767,9	3,3	-7,0
620 Hálf-varanlegar (t.d. fatnaður)	20.135,0	24.284,2	5,7	15.752,6	26.866,2	5,2	10,6
630 Óvaranlegar (t.d. tóbak, lyf)	23.704,2	22.207,2	5,2	21.043,0	27.894,4	5,4	25,6
<b>7 Vörur ót.a.s. (t.d. endursendar vörur)</b>	<b>358,4</b>	<b>345,1</b>	<b>0,1</b>	<b>380,3</b>	<b>384,4</b>	<b>0,1</b>	<b>11,4</b>
700 Vörur ót.a.s. (t.d. endursendar vörur)	358,4	345,1	0,1	380,3	384,4	0,1	11,4

Tafla 7. Útflutningur eftir markaðssvæðum árin 2004–2008

Fob-verð á gengi hvers árs	2004		2005		2006		2007		2008		Breyting '07-'08
	Millj. kr.	%	Millj. kr.	%	Millj. kr.	%	Millj. kr.	%	Millj. kr.	%	
<b>Samtals</b>	<b>202.373,0</b>	<b>100,0</b>	<b>194.355,3</b>	<b>100,0</b>	<b>242.740,0</b>	<b>100,0</b>	<b>305.095,8</b>	<b>100,0</b>	<b>466.859,5</b>	<b>100,0</b>	<b>53,0</b>
